



Fundargerð 292.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. nóvember 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur R. Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldskrá HN fyrir árið 2025

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2025. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

2. Dysnes.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes.

3. Torfunefsbyggja

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu á Torfunefsbyggju.

4. Oddeyrarbót, hækkun lands.

Akureyrarbær tók þá ákvörðun að hæð nýrra húsa í Oddeyrarbót yrði töluvert hærrí en landið í kring. Því er nauðsynlegt að hækka landsstöpla við flotbyggjur sem kallar jafnframt á breytingu á landgöngum og grjótgardi. Unnið hefur verið að þessu síðustu daga og stutt í að verkið klárí.

5. Samfélagsstyrkur HN fyrir árið 2025

Samfélagsstyrk Hafnasamlags Norðurlands fyrir árið 2024 hlýtur Velferðarsjóður Eyjafjarðar kr. 1.000.000.-

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.20